

## Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur 2-2015

Tími: Fimmtudagur 26. febrúar 2015, kl. 10:00, Fundarsalur Akur, Hvanneyri/Nautaflatir, Keldnaholti.

Mætt: Björn Þorsteinsson rektor formaður, Helena Guttormsdóttir, Hilmar Janusson, Bjarni Stefánsson, Guðni Þorvaldsson, Þórdís Þórarinsdóttir. Sigríður Hallgrímsdóttir var fjarverandi. Áslaug Helgadóttir, aðstoðarrektor, ritaði fundargerð.

Rektor bauð Þórdísi Þórarinsdóttur velkomna í ráðið sem nýjan fulltrúa nemenda og Guðna Þorvaldsson sem nýjan fulltrúa starfsmanna.

### 1. Samþykkt fundargerða frá fyrri fundum

Engar athugasemdir voru gerðar við útsendar fundargerðir frá síðustu tveimur fundum.

### 2. Rekstraráætlun og uppgjör síðasta árs

Theodóra Ragnarsdóttir rekstrarstjóri gerði grein fyrir helstu lykiltölum í rekstri fyrir árin 2013 (rauntölur), 2014 (endanlegu uppgjöri ekki enn lokið) og áætlun fyrir 2015. Nú stefnir í um 7 m.kr. afgang fyrir 2014 en stefnt er að því að afskrifa útistandandi viðskiptakröfur þannig að afgangur verði lítill sem enginn þegar upp er staðið.

Viðsnúningur í rekstri frá 2013 er mikill, hefur farið úr um 21,5 m.kr. í halla í jafnvægi. Þarna munar mestu um launagreiðslur enda hafa margir starfmenn hætt á tímabilinu.

Áætlun 2015 er ekki enn samþykkt af hálfu ráðuneytisins. Ekki hafa enn komið fram óskir frá ráðuneytinu um hvaða kröfur það gerir um rekstrarafgang á árinu. Inni í áætlun er gert ráð fyrir 3,6 nýjum störfum; þrír sérfræðingar og bókarí 60% starfi. Aukin verkefni eru við bókhald vegna þjónustuverkefna frá Hólum, Nemendagörðum og Grímshaga. Aðkeypt þjónusta hækkar, m.a. vegna aðkeyptra efnagreininga, kennslu í Landgræðsluskólanum o.fl.. Húsnæðiskostnaður hækkar vegna aðkallandi viðhalds á Miðfossu og á Reykjum. Rekstrarkostnaður hækkar einkum vegna frekari afskrifta sem stefnt er að því að ljúka sem fyrst. Einnig eru settar inn 15 m.kr. vegna tækjakaupa á Korpu með þeim fyrirvara að mótframlag komi frá Framleiðnisjóði. Húsgögn þarf að kaupa í eina kennslustofu í Ásgarði. Einnig þarf að endurnýja tölvur í tölvustofu á Hvanneyri.

Einungis er áætlað fyrir þekktum sértekjum og ekki eru settir inn neinir vonarpeningar. Tekjur vegna þjónustuefnagreininga falla niður, tekjur fyrir Landgræðsluskólann lækka um 10 m.kr., minni áætlaðar vaxtatekjur o.fl.

HJ spyr um hvort eignabókhald hafi verið tekið upp hjá skólanum en nýjar kröfur komu um það hjá Fjársýslunni nú um áramótin. Slíkt erindi hefur ekki enn borist hingað.

BS spyr hvort hægt sé að nýta húsnæðið betur og leggur áherslu á að hugað sé sérstaklega að því að koma inn í það frekara faglegu starfi frekar en að leigja til óskyldra aðila. Rektor upplýsir að rekstrarkostnaður vegna Landbúnaðarsafns o.fl. á Hvanneyri sé um 11 m.kr. Áhugi sé á að að koma gömlu húsunum á Hvanneyri í betri not og hafa af þeim leigutekjur. Þarna gæti sveitarfélagið

hugsanlega leikið eitthvert hlutverk. Á Reykjum þyrfti að koma skólahúsinu undir samning við Fasteignir ríkissjóðs.

BS óskar starfsfólki til hamingju með að hafa komið rekstrinum á núllið.

### *3. Ráðning nýs rektors og fréttir af störfum valnefndar*

Rektor upplýsti að hann hefur verið boðaður í viðtal n.k. þriðjudag í mennta- og menningarmálaráðuneytið. Nú er beðið eftir umsögn valnefndar. HG gerir athugasemdir við vinnubrögð valnefndar og hefur hún upplýsingar um að einungis hafi verið haldinn einn fundur í valnefnd frá því í byrjun desember. HJ ráðleggur að ráðið smiti ekki ferlið og gefi valnefnd ráðrúm til þess að ljúka störfum sínum.

### *4. Túlkun reglna um háskólaráð og rektor m.t.t. kjörs fulltrúa starfsmanna í háskólaráð.*

Jón Hallsteinn Hallsson deildarforseti hefur tilkynnt að hann muni ekki taka sæti í ráðinu nú þegar Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir hefur horfið á braut þar sem í nýjum reglum um háskólaráð og rektor er ekki gert ráð fyrir að deildarforseti geti verið fulltrúi starfsmanna í ráðinu. Rektor hefur því boðað þann sem varð í fjórða sæti í kosningu um sæti í ráðinu á síðasta háskólafundi á þennan fund, prófessor Guðna Þorvaldsson, en reglurnar kveðja jafnframt á um að varamenn skulu tiltækir fyrir báða fulltrúa starfsmanna. Því blasir við að nauðsynlegt verður að boða til háskólafundar sem fyrst og kjósa að nýju um fulltrúa háskólasamfélagsins í ráðinu.

Í samskiptum rektors við Jón Vilberg Guðjónsson lögfræðing menntamálaráðuneytisins hefur komið fram að eðlilegt sé þó að gera ráð fyrir að fá fyrst staðfestingu ráðuneytisins á afmörkun háskólasamfélagsins í samræmi við lög um breytingu á lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008, (<http://www.althingi.is/altext/stjt/2013.056.html>) en í bráðabirgðaákvæðum nr II og IV þessara laga er áréttað að skipan háskólanáms og kennslu skuli vera í samræmi við 6 gr. laga nr 85/2008 um opinbera háskóla en starfsmenntanámið í samræmi við lög um framhaldsskóla nr. 92/2008. Rektor mun því leggja til að ráðuneytið staðfesti að þeir sem rétt hafi til að sækja háskólafund séu akademískir starfsmenn stofnunarinnar og þeir sem koma beint að akademískri stjórnarsýslu ásamt fulltrúum nemenda. Í komandi endurskoðun starfsreglna um starfsmenntanámið verði tekið mið af löggjöfinni sem gildir um framhaldsskóla um aðkomu starfsmanna að skólafundum, kennarafundum o.s.frv.

BS telur mikilvægt að starfsmenntanámið sé inni og út frá sjónarmiðum atvinnuvegarins er mikilvægt að þarna séu inni allir faglegir starfsmenn. HJ leggur áherslu á að hver eining verði að vera nógu stór til þess að vera sjálfberandi. Strangt til tekið eiga allar stefnumarkandi ákvarðanir að takast á háskólafundi en háskólaráðið hefur umboðið milli funda. Það er hlutverk framkvæmdastjórnar skólans að sýsla með allar rekstrar- og framkvæmdalegar ákvarðanir. Hann tekur undir sjónarmið BS og telur að rétt sé að allir faglegir starfsmenn komi að stefnumarkandi ákvörðunum. Rektor bendir á að óánægja sé meðal akademískra starfsmanna um að þeir séu í minnihluta þegar kemur að vali fulltrúa starfsmanna í háskólaráðinu. Hugsanlega mætti takmarka þátttöku starfsmanna á háskólafundi við þá sem koma að kennslu, bæði á háskólastigi og við starfsmenntanámið, og huga þá betur að kjörgenginu.

Ákveðið að rektor fylgi málinu eftir við lögfræðing ráðuneytisins og móti tillögur sem lagðar verði fyrir háskólaráðið.

## *5. Málefni Grímshaga ehf. og framtíð búrekstrar Lbhí*

Rekstur Grímshaga hefur gengið erfiðlega, bæði faglega og fjárhagslega, og því var sett inn ný stjórn í haust þar sem stjórnarformaður er starfsmaður skólans, Þóroddur Sveinsson. Stjórnin hefur greint stöðuna og komist að þeirri niðurstöðu að í raun sé fyrirtækið gjaldþrota og reksturinn þurfi að endurskipuleggja frá grunni. Skólinn hefur sagt upp samningi sínum við Grímshaga frá og með júlí n.k. Ákveðið hefur verið að Hestur verði leigður út til einkaaðila en gert sé ráð fyrir aðkomu skólans til rannsókna og kennslu. Auglýsing þar að lútandi mun birtast í Bændablaðinu í dag. Einnig þurfi að setja umtalsverðar fjárhæðir inn í reksturinn til þess að forða því frá gjaldþroti. Skólinn hefur ekki yfir slíkum fjármunum að ræða og því vill yfirstjórn skoða betur hvaða leiðir séu best færar og ráðfæra sig við lögfræðing í því efni.

HJ leggur áherslu á að rekstur búa skólans verði að vera til fyrirmyndar að öllu leyti. Þá skiptir rekstrarformið ekki öllu máli. Ef ekki er hægt að ná þessu væri betra að leggja búskapinn af alfarið. BS leggur áherslu á að sauðfjárbændur verði upplýstir og verði með í ráðum þegar ákvörðun verði tekin um ráðstöfun bústofnsins á Hesti.

## *6. Samrunahugmyndir ráðherra fyrir háskóla í NV kjördæmi*

Rektor reifaði hugmyndir ráðherra og viðhorf sín til þeirra sem hann hefur kynnt fyrir honum á fundi. Hann er huggi yfir þessum hugmyndum og kallar eftir nýjum forsendum til þess að hún geti gengið eftir, sérstaklega hvað varðar fjárhagslegar forsendur.

GP telur eðlilegt að ríkið vilji fara yfir stöðu háskólamála og kannað sé hvort ávinningur sé af samruna eða frekara samstarfi háskóla, einkum þar sem nokkrir háskólanna eru smáir. Vísar þar til ávinnings sem náðst hefur í háskólakerfinu í Nova Scotia í Kanada. Hugnast ekki núverandi upphlaup en leggur áherslu á að málið sé unnið á faglegan hátt með allt háskólakerfið undir. BS leggur áherslu á að fyrst og fremst sé hugsað um faglegt innihald en form sé látið bíða. Í þessum hugmyndum er verið að breikka vöruúrvalið og það gæti verið jákvætt, en geldur varhug við að treysta loforðum um frekari fjárframlög í tengslum við sameiningar. HJ kom inn í háskólaráðið á þeim forsendum að hægt yrði að sameina skólann við HÍ hægt og bítandi. Lítur svo á að núverandi tillaga sé flækjufótur fyrir starfsmenn skólans og það væri ef til vill eðlilegra að færa skólana niður um námstig frekar en að ganga fram hjá augljósasta kostinum sem er sameining við HÍ. Lítur á þetta sem andvana fætt fyrirbæri. HG hefur miklar áhyggjur af þessari stöðu. Tekur undir með HJ hvað varðar samstarf við HÍ. Stofnunin er orðin mjög veik og ekki á bætandi og telur að þetta hafi skapað enn frekari sundrung meðal starfsmanna og ímyndin hafi enn frekar laskast. Rektor mun ganga inn í starf vinnuhópsins með fagleg sjónarmið að vopni og treystir því að þau muni verða látin ráða þegar afstaða verður tekin og niðurstaða ákveðin.

## *7. Næstu fundir ráðsins ákveðinir*

Næsti fundur verður haldinn 19. mars kl. 10.

## *8. Önnur mál*

Engin önnur mál voru tekin á dagskrá.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:15.